

Stjórnarfundur UMSB
22. október 2015 í þjónustumiðstöð UMSB

Mætt: Pálmi framkvæmdastjóri, Ásgeir, Sigurður sambandsstjóri, Kristín og Sólrún Halla

1. *Sambandsstjóri setur fundinn*

Sigurður sambandsstjóri býður fólk velkomið.

2. *Sambandsstjóri ber undir atkvæði fundargerð síðasta stjórnarfundar*

Fundargerðir samþykktar og undirskrifaðar

3. *Skýrsla framkvæmdastjóra, starfið undanfarið og framundan*

Pálmi fór yfir það sem hefur verið gert síðasta mánuðinn:

- a) Þjálfaranámskeið haldið í Óðali þar sem átta þjálfarar mættu. Ásgeir Sæmundsson fór yfir íþróttameiðsl og hvernig væri best að hlúa að þeim um leið og það gerist. Pálmar Ragnarsson frá KR var með fyrirlestur um almenna jákvæðni hjá þjálfurum og nýja nálgun við iðkendur og foreldra.
- b) Verið að útbúa tóbaksvarnareglur til þess að setja á plakat/plötu til þess að hafa við íþróttamannvirkin í Borgarbyggð þar sem lógó UMSB og Borgarbyggðar verða á. Síðan verða ákvæði á þá þjálfara og leikmenn aðildarfélaga UMSB sem sjást við eða í íþróttamannvirkjum með tóbak í einhverju formi.
- c) Sótti um styrk til ÍSÍ til þess að laga körfurnar inni í íþróttahúsinu og ef það fengist styrkur þá yrðu keyptir boltar fyrir húsið þar sem búið er að fjármagna körfurnar.
- d) Sótti um hjá Fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ upp á 2 milljónir fyrir Unglingalandsmótið en var úthlutað styrk upp á 500.000 kr. Hann fékk símtal þar sem hann var hvattur til þess að sækja um aftur í vor.
- e) Fór ásamt Sigurði sambandsstjóra að hitta stjórn Skotveiðifélagsins þar sem þeir eru að reyna að finna stað fyrir skotsvæði félagsins. Það verða sameiginlegir fundir á tveggja vikna fresti þar sem Pálmi og Sigurður hitta stjórn Skotveiðifélagsins. Verið að skoða ákveðnar leiðir og hvaða leið hentar öllum aðilum best.
- f) Verið að kostnaðarmeta aðgerðir sem við viljum gera fyrir Unglingalandsmót. Margt sem við viljum gera t.d. þulahús í brekkuna, laga körfur á útivelli, laga brautir á frjálsíþróttavelli og margt fleira. Kristján Finnur hjá Borgarbyggð er að kostnaðarmeta hugmyndir til þess að setja á styrkbeiðni til Ríkisins.
- g) Erum að byrja á því að taka afreksmannasjóðinn út úr bókhaldinu þar sem það kom krafa um það á Sambandsþingi síðastliðið vor. Er að vinna þetta með Konráð hjá KPMG um að hafa þetta aðskilið.

4. *Markmiðasetning, frágangur*

Farið yfir markmið sem unnin voru á vinnukvöldi stjórnar UMSB 29. september 2015. Markmið og stefna UMSB verða sýnd á formannafundi 5. nóvember 2015 og formönnum gefið tækifæri til þess að skoða og koma með athugasemdir.

5. *Dagskrá formannafundar*

Formannafundur verður haldinn að Vindási, félagsheimili hestamannafélagsins Skugga fimmtudaginn 5. nóvember 2015 kl. 20.

- a) Stefna og ný markmið UMSB
- b) Forgangsröðun og uppbygging íþróttamannvirkja
- c) Yfirferð um Unglingalandsmótið
- d) Kynna fyrir þeim húsnæði UMSB

6. *Mönnun unglíngalandsmótsnefndar*

Borgarbyggð er búin að manna sinn hluta í unglíngalandsmótsnefnd: Kolfinna sveitarstjóri, Hrafnhildur Tryggva á Umhverfissviði, Kristján Finnur hjá Skipulagssviði og Ingunn yfir íþróttamannvirkjum. Þeir sem eru búnir að taka vel í þetta fyrir UMSB: Páll Brynjarsson og Hrönn Jónsdóttir.

Bókun: Stjórn skiptir á milli sín aðilum til þess að ræða við og Pálmi kallar saman unglíngalandsmótsnefndina í næstu viku.

7. *Yfirferð styrkumsóknar sem barst samkvæmt nýjum vinnureglum*

Styrkumsókn uppá 50.000 kr. frá Fanneyju Guðjónsdóttur sem fór á NSÚ ungmennaviku í Danmörku.

Bókun: Stjórn UMSB styrkir Fanneyju um 25.000 kr. og biðjum við hana um að senda svolíttinn pistil um ungmennavikuna til þess að kynna á heimasíðu UMSB og á formannafundi.

8. *Önnur mál*

- a) Pálmi sýnir stjórn plagg um skiptingu tekna frá Unglingalandsmóti 2010 til skoðunar.
- b) Fundarboð á formannafund ÍSÍ 27. nóvember 2015 í íþróttamiðstöðinni Laugardal
Bókun: Sigurður sambandsstjóri fer á fundinn.
- c) Bréf frá Ríkisskattstjóra þar sem þau biðja um gögn. Kom í kjölfarið á því að Pálmi lét vita um breytt heimilisfang.
Bókun: Stjórn UMSB þarf að skrifa undir gögn um hverjir eru í stjórn.
- d) Pálmi ætlar að auglýsa eftir áhugasömum aðilum til þess að skrá niður sögu UMSB í máli og myndum.
- e) Kristín spyr hvers vegna Golfklúbburinn Hamar sé á rekstrarstyrk hjá Borgarbyggð.
Bókun: Pálmi ætlar að skoða þetta hjá Borgarbyggð þar sem allir styrkir frá Borgarbyggð til aðildarféлага eiga að fara í gegnum UMSB.

9. *Starfsmannamál, umsóknir skoðaðar*

Sólrún Halla vék af fundi undir þessum lið. 12 umsóknir bárust og ákvað stjórnin að fá Hagvang til liðs við sig við yfirferð umsókna og ráðningarferlið. Sigurður fær verðtilboð og gengur frá samningi við Hagvang um málið.

10. Heimsókn á gömlu skrifstofuna og „létt vinnukvöld“ við flokkun gagna.

Ákveðið að Pálmi færi í gegnum gögnin á skrifstofunni við Borgarbraut og kæmi þeim í hús við Skallagrímögötu. Pálmi fær Jóhönnu frá Safnahúsinu í heimsókn til að skoða gögnin og velja það sem á heima í geymslu hjá þeim.

Fleira ekki gert og fundi slitið um kl.23:00

Fundargerð ritaði Sólrún Halla og Pálmi.